



Íbúafundur um mótun umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar

Skipulags- og umhverfisráð Akraneskaupstaðar vinnur að mótun umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið. Að gefnu tilefni verður efnt til íbúafundar um málefnið fimmtudaginn 23. maí í Frístundamiðstöðinni við Garðavöll og hefst hann kl. 17:30.

Tilgangur fundarins er að fá fram hugmyndir íbúa um brýnustu viðfangsefnið og framtíðarsýn á sviði umhverfismála í sveitarfélaginu. Á fundinum gefst íbúum gullið tækifæri til að hafa áhrif og koma hugmyndum sínum á framfæri. Stefán Gíslason og Salome Hallfreðsdóttir frá Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. sjá um fundarstjórn og verður fundurinn með þjóðfundarfyrirkomulagi. Boðið verður upp á súpu og brauð.

Skráning er hafin á heimasíðu Akraneskaupstaðar, www.akranes.is/umhverfisping

Íbúar á Akranesi eru eindregið hvattir til að taka daginn frá og mæta á fundinn.



Akraneskaupstaður

